

Endurhæfing

Endurhæfingin er sniðin að þörfum hvers og eins og felst m.a. í að:

- meta veikleika og styrkleika hjá viðkomandi
- setja raunhæf markmið
- efla sjálfsbjargargetu
- efla fjölskyldutengsl
- auka virkni og þátttöku í þjóðfélaginu gegnum atvinnu, nám eða tómstundaiðkun
- lágmarka þær hömlur sem heilaskaðinn setur
- fræða einstaklinginn um einkenni
- fræða og styðja aðstandendur og nánasta umhverfi

Eins og hér kemur fram er ekki síður lögð áhersla á að hafa áhrif á og breyta umhverfi einstaklingsins. Til að svo geti orðið þarf öflugt samstarf einstaklings, aðstandenda og fagfólks og nýta þarf þau úrræði sem þjóðfélagið býður upp á.

Ráðleggingar vegna höfuðáverka

Ef einkenni eftir höfuðáverka vara lengur en í 3-4 vikur er rétt að leita til læknis. Einnig er rétt að leita hjálpar ef fólki finnst það „öðruvísi“ en það á að sér að vera í kjölfar höfuðáverka, eða ef aðstandendum finnst viðkomandi hafa breyttan persónuleika. Stundum eru ástæður einkenna óöryggi eða kvíði eftir slys eða sjúkdóm sem hægt er að meðhöndla en heilaskaði getur einnig valdið þessum einkennum.

Ef spurningar vakna þá er hægt að hafa samband við heilaskaðateymi á Reykjalundi í síma 585 2000 eða í gegnum tölvupóst:

heilaskadateymi@reykjalundur.is



Ábyrgðarmenn:
Ólöf H. Bjarnadóttir tauga- og endurhæfingarlæknir
Smári Pálsson taugasálfræðingur
febrúar 2007



REYKJALUNDUR
endurhæfing

Heilaskaði

Almennar upplýsingar



Heilaskaðateymi Reykjalundar
Reykjalundur – endurhæfing
270 Mosfellsbæ
Sími 585 2000



Heilaskaði

Heilinn er stjórnstöð líkamans. Skaðist heilinn getur það haft víðtæk áhrif, m.a. á hugsun, hegðun og tilfinningar. Heilaskaði er oft nefndur hinn þögli faraldur vegna þess að um er að ræða dulda fötlun þar sem einkennin eru yfirleitt ekki sýnileg. Vegna þessa er algengt að einstaklingur með heilaskaða mæti fordómum og sé jafnvel talinn latur eða skrýtinn.

Hvað veldur?

Umferðarslys og ofbeldisverk eru algengasta ástæða áverkateygds heilaskaða, nema hjá börnum og öldruðum þar sem orsakir eru yfirleitt föll. Heilaskaði er ekki bundinn við höfuðkúpubrot heldur getur mikið eða snögg högg á höfuð valdið blæðingum eða öðrum áverkum á heila. Annað, eins og heilablóðfall, heilabólga eða súrefnisskortur (t.d. við hjartastopp) geta valdið heilaskaða.

Hver eru einkennin?

Einkenni eru einstaklingsbundin og fara eftir orsökum skaðans, staðsetningu og hversu víðtækur hann er. Einkenni geta haft áhrif á geðslag viðkomandi, persónuleika og hugræna getu.

Heilaskaði getur haft víðtæk og truflandi áhrif á:

- einbeitingu
- minni
- mál
- persónuleika
- tilfinningar
- hegðun
- hæfni til samskipta
- innsæi
- framtakssemi og drift

Önnur möguleg einkenni í kjölfar heilaskaða geta verið flog, höfuðverkur, svimi, kraftskerðing, truflun á skyni og á samhæfingu vöðva.

Heilaskaði getur gjörbreytt lífi einstaklingsins og haft neikvæð áhrif á fjölskyldulíf og framtíðaráform.

Greining og meðferð

Bráðameðferð vegna skerðingar á heila er veitt á sjúkrahúsi þar sem kappkostað er að lágmarka mögulegan skaða. Þegar líkamlegt ástand er orðið stöðugt getur fólk setið uppi með einkenni sem lýst er hér að framan. Þverfaglegt teymi fagfólks kemur yfirleitt að greiningu, endurhæfingarmati og endurhæfingu þegar um heilaskaða er að ræða. Einnig eru myndgreining og önnur rannsóknartæki notuð til að athuga möguleika á skemmd í heilavef, en hafa þer í huga að niðurstöður þessara rannsókna geta komið „eðlilega“ út hjá einstaklingum með heilaskaða.

Börn með heilaskaða

Foreldrar barna með heilaskaða þurfa persónulega aðstoð og stuðning. Oft gagnast að kynast öðrum í svipuðum aðstæðum. Nauðsynlegt er að fagfólk með þekkingu á heilaskaða fylgi þessum börnum eftir. Umhverfi barna er síbreytilegt og ýmis atriði geta verið frábrugðin þeim sem tíðkast hjá börnum með náms- og hegðunarvandamál.